

Heilbrigðisráðherra Svandís Svavarsdóttir  
Heilbrigðisráðuneytinu  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík



Reykjavík, 27. júní 2019.

### Efni: Áform um álagningu sykurskatts og gögn að baki þeim

Félag atvinnurekenda vísar til greinar ráðherra í Morgunblaðinu sl. mánudag, en þar er greint frá aðgerðaáætlun Landlæknisembættisins í því skyni að draga úr neyzlu sykurs. Megintillaga embættisins er skattur, sem á að leggjast á gosdrykki, jafnt sykraða sem ósykraða, og sælgæti.

Í grein ráðherra segir: „Á Íslandi, samanborið við hin Norðurlöndin, er mest neysla á sykruðum gosdrykkjum og sykurríkum vörum. Sykraðir gos- og svaldrykkir vega þyngst í sykurneyslu hér á landi en rúmlega þriðjungur (34%) af viðbættum sykri í fæði landsmanna kemur úr þessum vörum.“

Þessi tala virðist tekin upp úr áðurnefndri aðgerðaáætlun, en þar segir: „Gosdrykkir vógu þyngst í sykurneyslu fullorðinna í landskönnum 2010-2011 en um 34% viðbætts sykurs kom úr sykruðum gos- og svaladrykkjum.“ Í áætluninni, sem FA hefur fengið senda frá Landlæknisembættinu, er ekki að finna neinn hlekk á þá útreikninga sem liggja að baki þessari fullyrðingu.

FA vísar enn fremur til bréfs, sem félagið sendi ráðherra 9. maí í fyrra, eftir að greint hafði verið frá áformum um að leggja á sérstakan gosskatt, einnig að tillögu Landlæknisembættisins. Í bréfinu sagði:

„Í tillögum landlæknis er gengið út frá því að um þriðjungur af viðbættum sykri í mataræði landsmanna komi úr gosdrykkjum. Jafnframt er því haldið fram að neyzla Íslendinga á sykruðum gosdrykkjum sé meiri en annarra norrænna þjóða. Hvort tveggja eru hæpnar fullyrðingar. Landlæknisembættið virðist byggja á gögnum Hagstofunnar um gosdrykkjaneyzlu, sem ekki eru sundurliðuð í sykraða og ósæta drykki, þ.m.t. kolsýrða vatnsdrykki, og álykta út frá þeim um neyzlu á sykruðu gosi. Þessi gögn eru ekki sambærileg við þau gögn um neyzlu sykraðs goss sem önnur norræn ríki nota, auk þess sem þau eru að hluta til orðin 7-8 ára gömul. Samkvæmt ofangreindum tölu Markaðsgreiningar/AC Nielsen kemur innan við fimmtungur sykurneyslu Íslendinga úr gosdrykkjum.

Mikilvægt er að ákvarðanir eins og þær sem Landlæknisembættið leggur til séu ekki teknar á grundvelli rangra gagna. Því miður hefur embættið ekki sinnt óskum framleiðenda og innflytjenda gosdrykkja um samtal um það hvernig megi tryggja að þau gögn, sem embættið byggir tillögur sínar á, séu rétt.“

Engin svör bárust frá ráðuneytinu við þessu bréfi. Það vekur furðu að ráðherra skuli ítrekað taku upp á opinberum vettvangi tölur sem henni hefur verið bent á að séu bæði úreltar og rangar. Í bréfi FA var vitnað til áreiðanlegra gagna, sölatalna frá síðustu árum, sem sýna fram

á að hratt hefur dregið úr neyzlu sykraðra gosdrykkja á sama tíma og neyzla á kolsyrðu vatni  
vex hröðum skrefum.

Félag atvinnurekenda óskar hér með eftir því, á grundvelli upplýsingalaga, að ráðuneytið afhendi félagini öll þau gögn og útreikninga sem liggja að baki ofangreindum fullyrðingum ráðherra.

Félag atvinnurekenda ítrekar mikilvægi þess að afdrifaríkar ákvarðanir um íþyngjandi skattlagningu séu ekki teknar nema á grundvelli haldbærra, nýlegra gagna. Félagið ítrekar jafnframt boð sitt um samráð og samtal við ráðuneytið og stofnanir þess um hvernig megi tryggja að rétt gögn liggi fyrir við móturn opinberrar stefnu.

Virðingarfyllst,

  
Ólafur Stephensen  
framkvæmdastjóri FA